


Kristján Jóhannesson

bassabaráitón

Cole Knutson

píanó



Listasafn Sigurjóns Ólafssonar  
Þriðjudaginn 11. apríl 2023 kl. 20:00

Tobias Haslinger, útgefandi verka Schuberts, gaf út hefti með safni síðustu sönglaga hans, að honum látnum, undir nafninu *Svanasöngur*. Þar vitnar hann trúlega til þeirrar sögusagnar að fegursti söngur svansins sé rétt áður en hann deyr. Ólíkt öðrum ljóðaflokkum Schuberts, t.d. *Malarastúlkunni fögru* og *Vetrarferðinni* eru fleiri en einn höfundur að ljóðunum. Sjö fyrstu lögin í útgáfu Haslingers eru samin við ljóð Ludwig Rellstab, síðan koma sex lög við texta eftir Heinrich Heine og að lokum eitt lag við texta eftir Johann Gabriel Seidl, sem tengist á engan hátt fyrri verkunum og hefur verið ákvörðun útgefanda að bæta því þar við. Einnig er sennilegt að útgefandi hafi ráðið röð ljóðanna í heftinu og er vitnað í þau númer í efnisskrá.

Hér verða sungin flest verk þessa heftis í þeirri röð sem listamennirnir kusu að viðbættu ljóðinu *Herbst* við texta Rellstabs sem samið var á svipuðum tíma og hin lögin.

Vitað er að Schubert bauð öðrum útgefanda að gefa Heine hlutann út sérstaklega, sem bendir til þess að hann hafi ekki litið á öll þessi verk sem einn ljóðaflokk.

## *Efnisskrá*

Franz Schubert  
1797 – 1828

við ljóð Ludwig Rellstab

- I Liebesbotschaft
- IV Ständchen
- III Frühlingssehnsucht
- II Kriegers Ahnung
- V Aufenthalt
- VI In der Ferne
- Herbst

við ljóð Heinrich Heine

- X Das Fischermädchen
- XII Am Meer
- XI Die Stadt
- XIII Der Doppelgänger
- IX Ihr Bild
- VIII Der Atlas

**Kristján Jóhannesson** fæddist í Reykjavík árið 1992, en á ættir að rekja til Önundarfjarðar. Hann hóf söngnám við Söngskóla Sigurðar Demetz árið 2008. Kennarar hans þar voru Sigrún Hjálmtýsdóttir, Kristján Jóhannsson og Keith Reed. Árið 2014 fluttist hann til Vínarborgar til framhaldsnáms við Konservatoríið þar í borg hjá Uta Schwabe. Á námsárunum söng Kristján meðal annars með Sumarakademíu Vínarfílharmóníunnar, Israel Chamber Orchestra í Tel Aviv, Neue Oper Wien, Sinfóníuhljómsveit Norðurlands og hjá Íslensku Óperunni.

Árið 2017 hóf Kristján störf við Theater an der Wien og Kammeroper í Vínarborg, en fluttist svo til St. Gallen í Sviss árið 2021, þar sem hann er nú fastráðinn við Óperuna.

**Cole Knutson** er uppallinn í North Battleford, Saskatchewan í Kanada þar sem hann lagði stund á píanóleik frá 12 ára aldri og lauk háskólaprófi í saxófónleik. Hann hlaut meistaragraðu í meðleik frá Guildhall School of Music and Drama í Lundúnum, hvar hann lærði hjá Julius Drake og Eugene Asti.

Frá og með síðasta hausti hlýtur hann leiðsögn við Liedzentrum Liedakademie í samstarfi við Heidelberger Frühling og Pierre Boulez Saal í Berlín, hvers stjórnandi er baritónsöngvarinn Thomas Hampson. Einnig var Cole hluti af SongStudio í Carnegie Hall sem sópransöngkonan Renée Fleming leiðir. Hann tekur þátt í Académie Orsay-Royaumont í Frakklandi á næsta ári. Hann hefur komið fram í Carnegie Hall, á Schubertvikunni í Pierre Boulez Saal, Wigmore Hall í Lundúnum og Salle Cortot í París.

Cole og Kristján kynntust í Franz Schubert Institut í Baden bei Wien í Austurríki árið 2017, þar sem þeir unnu með listamönnum á borð við Íslandsvinina Elly Ameling og Andreas Schmidt, einnig með Robert Holl, Helmut Deutsch, Julius Drake, Wolfram Rieger og Roger Vignoles.

*Kaffistofa safnsins er opin eftir tónleikana  
The Museum café is open after the concert*

*Vetrar- og vordagskrá LSÓ er birt á heimasíðu safnsins [www.LSO.is](http://www.LSO.is)*